

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.

1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum eða lækni er í hans stað kann að koma skv. samningum hlutaðeigandi samlags kr. 75 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 110 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Par sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 til að öðlast gildi 1. júní 1984. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 628/1983 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. maí 1984.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér segir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination), samkvæmt Lyfjaverðskrá I og af innlendum sérlyfjum greiðir samlagsmaður fyrstu 120 kr. en sjúkrasamlagið það sem vantar á fullt verð.

2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination), samkvæmt Lyfjaverðskrá II (erlend sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 240 kr. en sjúkrasamlagið það sem vantar á fullt verð.

Ellí- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálf gjald, þ. e. kr. 60 og kr. 120 fyrir hverja afgreiðslu.

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974 og nr. 95 31. desember 1975 og öðlast gildi 1. júní 1984. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 642/1983 um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 289/1978.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. maí 1984.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.